



20.10.2021

Vinnslutillaga aðalskipulags Reykholahrepps 2021-2033

Með bréfi þessu kynnir sveitarstjórn Reykholahrepps vinnslutillögu Aðalskipulags Reykholahrepps 2021-2033 fyrir hagaðilum og óskar eftir umsögn um hana. Tillagan er kynnt í samræmi við skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Vinnslutillagan er sett fram í greinargerð, á fimm skipulagsuppdráttum á þremur kortablöðum og þremur þemauppdráttum, auk umhverfismatskýrslu. Gögnin eru aðgengileg á vefnum skipulagreykholahrepps.com. Þar má jafnframt finna frekari upplýsingar um verkefnið.

Óskað er eftir að umsagnir um vinnslutillöguna berist til skipulagsfulltrúa á netfangið skipulag@dalir.is fyrir 20. nóvember 2021. Umsagnir má einnig senda á heimilisfangið: Skrifstofa Reykholahrepps, Stjórnsýsluhúsinu við Maríutröð, 380 Reykholahreppur. Ef aðili telur ekki ástæðu til að gefa umsögn er óskað eftir svari þess efnis.

Virðingarfyllst

f.h. sveitarstjórnar Reykholahrepps,

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri